

Reglugjörð

109
22. okt.

fyrir forðagæslumenn í Vestur-Barðastrandarsýslu.

1. gr.

Hver forðagæslumaður skal koma tvisvar á vetri til eftirlits á hvert heimili, sem honum hefir verið falið til umsjónar. Í fyrra skiftið í nóvembermánuði, og í síðara skiftið í aprilmánuði.

Þar að auki skal hann kynna sjer vandlega að vorinu fyrningar og skepnuhöld, þar með talinn lambadauði á hverju heimili. Upplýsingar um þetta aflar hann hann sjer hjá bændum, en þyki honum þær tortryggilegar, skal hann fara aukaferð.

Í hverri ferð skal hann athuga vandlega peningsfjölda hvers búanda og meðferðina á skepnunum. Hann skal ávalt rannsaka heybirgðir, kornvörubirgðir og aðrar fóðurbirgðir á hverju heimili, svo og húsakynni fyrir búpening. Þar að auki skal forðagæslumaður, svo oft sem þörf krefur, gjöra sjer aukaferðir á heimili, sem lenda í þröng.

2. gr.

Forðagæslumenn skulu á eftirlitsferðum sínum, sjerstaklega að haustinu, mæla heybirgðir manna í teningsmetrum, og áætla eftir föngum fóðurgildi þeirra og skýra mönnum frá, hve margar skepnur þeir telja óhætt að setja á fóðurbirgðir manna. Verði forðagæslumaður var við, að leiðbeiningum hans hafi ekki verið hlýtt einhverstaðar, ber honum að hafa sjerstakar gætur á hjá þeim manni.

3. gr.

Ef búandi kemst í fóðurþröng og finnur forðagæslumaður að búpeningur hans er í slæmu standi eða líkur til að skepnur hans kunni að kveljast eða falla af fóðurskortu, þá skal hann hvetja búandann til þess að afla sjer fóðurs, ef unt er, eða ráða honum hverju hann skuli farga af búpeningi sínum, ef hvergi er hjálpar von. Ef búandi óhlýðnast fyrirmælum forðagæslumanns, ber forðagæslumanni að tilkynna það hreppstjóra tafarlaust.

4. gr.

Í hverjum hreppi skulu forðagæslumenn vera umsjónarmenn forðabúra, ef nokkur eru, svo og kornvörubirgða í verslunum, ef hreppsnefnd hefir trygt sjer aðgang að þeim.

5. gr.

Forðagæslumenn skulu færa allar skoðunargjörðir síuar í þartil gjörða bók.

Eftir hverja skoðun skulu forðagæslumenn tilkynna hreppsnefnd brjeflega hvernig ástatt er í hreppnum, og láta fylgja tillögur sínar um nauðsynlegar

109 ráðstafanir. Ef þörf gjörist á aukaskoðunum skulu þeir jafnan láta hreppsnefnd 22. okt. vita, hvers þeir verði vísari, og hvernar hjálpar sje þörf, ef illa er ástatt.

6. gr.

Það er skylda forðagæslumanna að gefa hverjum búanda holl ráð og bendingar um heyásetning og skepnuhirðingu. Á hverju vori skulu þeir veita hverjum búanda vitnisburð í skoðunarbók sinni um útlit búpenings og skepnuhirðingu. Skulu þeir því næst senda sýslumanni upp úr fardögum aðalskýrslu um það fardagaár, sem þá er á enda.

Á næstu vorhreppaskilum eða öðrum almennum sveitarfundi skal forðagæslumaður lesa upp úr forðagæslubók hreppsins allt það, sem í hana hefir verið skráð frá síðustu hausthreppaskilum.

7. gr.

Fyrir starf sitt skulu forðagæslumenn fá borgun eftir samkomulagi við hreppsnefndina, allt að 2 kr. um daginn, hvern þann dag, sem þeir eru í skoðunarferð, og greiðist hún úr sveitarsjóði.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett, samkvæmt lögum 10. nóvbr. 1913, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 22. október 1914.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.